



# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkid...

...við prentum!

**GUDJÓNÓ**

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 2. júlí 2008 – 27. tölublað – 4. árgangur

Veffang:



**Uptaka evrunnar**  
Kostir og gallar



13

**Ibúðalánasjóður**  
Bankarnir gætu átt rétt á skaðabótum



**Sjóðsstjórnin**  
Hljóp rúma 500 km í maí



14

## Svartir listar leyfis skyldir

Stjórn Persónuverndar hefur ákveðið að framvegis verði fyrirtækjum óheimilt að útbúa svonefnda „svarta lista“ án leyfis stofnunarinnar.



**SIGRÚN JÓHANNESSDÓTTIR** Forstjóri Persónuverndar.

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að nokkuð um að gerðar séu ýmsar vanskilaskrár, þar sem bent er á tiltekna einstaklinga sem fyrirtæki skuli vara sig á. „Nú er búið að ákveða að svona sé háð leyfi,“ segir Sigrún. Hún tekur fram að þetta eigi ekki við vanskilaskrá Lánstrausts, enda hafi hún þegar starfsleyfi frá stofnuninni.

Sigrún segir að ýmsir hafi haldið slíka svarta lista. „Til dæmis er algengt innan bankakerfisins að svona skrár séu búnar til.“

Sigrún segir að enginn hafi enn sem komið er sótt um að vinna svartan lista, enda séu þessi tíðindi nýskeyð.

- ikh

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Gríðarleg olíuverðshækkun** | Hráolíuverð hefur ekki hækkað meira á einum ársfjórðungi í rúm níu ár eða síðan á fyrsta ársfjórðungi árið 1999. Frá byrjun apríl hefur olíuverð hækkað um 34 prósent, segir greining Kaupþings.

**Júní sá versti í 80 ár** | Júnímánuður var sá versti í Bandaríkjunum frá því í kreppunni miklu árið 1930. Áhættufælni fjárfesta hefur farið vaxandi sem helst í hendur við slæmar fréttir af gangi efnahagsmála á Vesturlöndum, auknar afskriftir innan fjármálageirans og síhækkandi olíuverð, segir greining Kaupþings. Bandarísku hlutabréfavisitölurnar hafa ekki verið lægri síðan á haustdögum 2006.



**Metverðbólga á evrusvæði** | Verðbólga á evrusvæðinu mældist fjögur prósent á ársgrundvelli í júní samkvæmt bráðabirgðamati Eurostat, evrópsku hagstofunnar. Fram kemur í Morgunkorni greiningardeildar Glitnis að verðbólgan hafi ekki verið meiri á svæðinu í 16 ár. Búið er við því að Seðlabanki Evrópu hækki stýrivexti sína um 0,25 prósent á næsta vaxtaákvörðunarfundi en þeir hafa haldist óbreyttir í 4 prósentum í heilt ár.

**Óbreyttir stýrivextir** | Seðlabanki Bandaríkjanna tilkynnti um óbreytta 2 prósentu stýrivexti í liðinni viku. Lauk þar með samfelldu vaxtalækkunarferli bankans sem hófst í september á síðasta ári.

# Skuggabankastjórnin vill 25 punkta lækkun

Ólafur Ísleifsson segir peningamálastefnuna gagnslausa. Edda Rós Karlsdóttir vill biða með vaxtalækkun, en Þórður Friðjónsson og Ingólfur Bender hafa áhyggjur af áhrifum hárra vaxta.

**Björn Ingi Hrafnsson**  
viðskiptaríttjóri

Alvarlegur eiginfjárbruni vegna falls krónunnar og ofurvaxta ógna atvinnufyrirtækjum og heimilum,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík, á fundi Skuggabankastjórnar Markaðarins. „Stefnan í peningamálum hefur reynst gagnslaus, jafnvel verri en engin og tímabært að horfast í augu við það. Háir vextir hafa ekki megnað að koma í veg fyrir fall krónunnar, einhver önnur öfl virðast vera þar að verki.“

Skuggabankastjórnin vill lækka stýrivexti um 25 punkta, eða niður í 15,25 prósent. Seðlabankinn kynnir ný Penningamál og ákvörðun um stýrivexti á morgun.

Ingólfur Bender hjá greiningu Glitnis segir verðbólguna komna til af erlendum þáttum, það er lánsfjárfreppunni og hækkun hrávöruverðs. „Seðlabankinn hefur engin áhrif á þessa tvo þætti. Það er beinlínis skaðlegt fyrir hagkerfið að hann berjist á móti þeim með háu vaxtastigi,“ segir hann.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir verulega hættu á mjög harðri lendingu og mikilvægt sé að róa að því öllum árum að sporna við því.

„Jafnframt verðum við að búa þannig í haginn að hagvöxtur geti aukist sem fyrst á ný,“ segir hann. „Við þessar aðstæður teldi ég ekki heppilegt og jafnvel skaðlegt að halda vöxtum óbreyttum, ég tala nú ekki um að hækka þá. Það væri eins og að sparka í liggjandi mann,“ bætir hann við.

Þórður telur að skýra þurfi betur peninga- og efnahagsstefnuna. Hvernig við ætlum að fara gegnum þessa hagsveiflu og hvað eigi svo að taka við. Bæði heimamenn og útlendingar séu áttavilltir í þeim efnunum og viti ekki hvert fríðinni er heitið.

Edda Rós Karlsdóttir tekur undir þau sjónarmið að komin sé fram skýr merki um viðsnúning. Hún segir raunar að hin alþjóðlega kreppa magni upp hraða þessa viðsnúnings. Þess vegna sé þess ekki langt að biða að lækka megi vexti. Enn sé verðbólga þó á uppleið og því þurfi að stíga afar varlega til jarðar.

„Ég vonast til þess að hægt verði að lækka vexti nokkuð hratt, jafnvel frá og með septembermánuði,“ segir hún. „Það er þess vegna of snemmt að lækka vexti strax, betra að biða aðeins og hafa varann á. Alþjóðleg matsfyrirtæki fylgjast hér með hverju fótmáli okkar og við megum alls ekki við vítahring sem gæti skapast af endurteknunum lækkunum á lánsþæfi þjóðarinnar og helstu fyrirtækja.“

## Mesta veltan og mesta tapið

Veltan í Kauphöllinni það sem af er ári hefur aldrei verið meiri. Á fyrstu sex mánuðunum nam veltan 4.290 milljörðum króna, sem er næstum þriðjungur meira en á síðari hluta síðasta árs.

Langmest velta er með skuldbréf, en hún nemur fjórum fimmtu af heildarveltunni.

Virði kauphallarfélaga hefur

annars rýrnað gríðarlega mikið það sem af er ári. Seinustu þrjú mánuðin, á öðrum fjórðungi ársins, hefur virði skráðra félaga rýrnað um 250 milljarða króna. Mest minnkaði virði Landsbankans, um ríflega 70 milljarða króna. Exista lækkaði í verði um 40 milljarða á tímabilinu, Kaupþing um tæpa 30 milljarða,

Glitnir um rúma 27 og Bakkavör um tæpa 26 milljarða króna.

Úrvalsvísitalan hefur lækkað um næstum þriðjung frá áramótum og um næstum fimmtíu prósent undanfarið ár. Úrvalsvísitalan náði sínu hæsta gildi 18. júlí í fyrra og var þá 9.016,5 stig. Hún var 4.268 stig um miðjan dag í gær.

- ikh

**TrackWell**

Tíma- og verkskráning  
Flotastýring og eftirlit  
www.trackwell.com

**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Peningabréf Landsbankans

ISK GBP DKK USD EUR

Markmið  
Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

**Landsbankinn**

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP/DKK eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útbóðsýsingar og útdráttar úr útbóðsýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.



Við hjá Hreysti erum  
stolt af því að vinna með  
fremsta íþróttafólki Íslands



Guðjón Valur Sigurðsson  
atvinnumaður í handbolta



## ORKA ALLA LEIÐ

VIPER er hinn fullkomni orkudrykkur til notkunar þar sem aukins úthalds er þörf, hvort sem er í keppnisíþróttum, hjóltreidum, hlaupi, göngu eða fjallaklifri.

VIPER dregur úr vökvatapi og viðheldur orku meðan á átökum stendur. VIPER er háþróaður nútíma orkudrykkur sem m.a. inniheldur keðju-amminosýrur sem minnka vöðvaniðurbrot og koma í veg fyrir óreglu á amminosýruflæði sem getur valdið einbeitningarskort. Þessi einstaka blanda seinkar þreytueinkennum og eykur úthald auk þess sem einbeitning og ákveðni helst meðan á átökum stendur. Eftir erfiða æfingu er orku-endurhleðsla inn í vöðvana hraðari með notkun VIPER í stað venjulegra orkudrykkja sem innihalda einungis kolvetni og sölt. Vegna góðrar virkni sinnar er VIPER orðinn leiðandi valkostur hjá þekktu íþróttafólki og fólki sem ástundar hverskonar æfingar og útivist.

VIPER inniheldur engin örvandi efni og er viðurkenndur til notkunar í öllum íþróttum.  
Allar framleiðsluvörur MAXIMUSCLE eru framleiddar eftir ströngum gæðastöðlum og eru með ISO17025 vottun



KORTER.IS - Ljós: Jón Páll Vilhelmsen

 **MAXIMUSCLE**  
Seriously Fit Food

allt fyrir kroppinn  
**HREYSTI**  
Skeifunni 19 - S. 568 1717

Kíktu á nýja og betri netverslun [www.hreysti.is](http://www.hreysti.is)



INNRETTINGAR Í ELDHÚS · BAÐHERBERGI · SVEFNHERBERGI · ÞVOTTAHÚS

**SETTU ÞAÐ SAMAN** **HTH**

*Innréttingar að þínu skapi!*

*Af hverju að borga meira?*

*Settu það saman* er sniðið að þörfum þeirra sem vilja sjálfir setja upp eigið eldhús, en um leið njóta gæðanna.



**AEG**



ALLT AÐ

**20% afsláttur**

af hágæða AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH eldhúsinnréttingar.

- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Flatar pakkningar sem auðvelt er að flytja
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð
- Sérstíð hönnunarforrit fylgir

*Nýr, glæsilegur bæklingur kominn úr prentun. Fáirð bæklinginn sendan heim – eða kynnist úrvalinu af eigin raun í verslunum okkar.*

**ORMSSON**

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

**ORMSSON**

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160

**ORMSSON**

AKUREYRI · SÍMI 461 5003



# Marel reisir grunnbúðir í Slóvakíu

Marel Food Systems opnaði nýtt framleiðsluhúsnæði í Slóvakíu á föstudag. Fyrirtækið stefnir á að gera þaðan út til annarra fyrrverandi austantjaldsriksja. Fyrirtækið bauð Markaðnum að fara utan og fylgjast með vísunni.

Við leitum til Slóvakíu vegna verkfræðipækningarinnar. Hún var mikil í landinu á tímum Sovétríkjanna. Slóvakar búa enn að mjög góðri menntun í verkfræði," segir Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður Marel Food Systems. Fyrirtækið opnaði nýtt framleiðsluhúsnæði í bænum Nitra í Slóvakíu um helgina og hyggst gera þaðan út til annarra landa í Austur-Evrópu á næstu árum.

Við Árni hittumst á Kastrup-flugvelli í Danmörku ásamt öðrum stjórnarmönnum Marels á fimmtudagskvöldið. Höfum misst af tengiflugi og tökum spjall. Árni segir talsvert ódýrara að framleiða tækjabúnað í Slóvakíu en annars staðar, fjórðungi ódýrara en í Danmörku, sem dæmi.

Baksviðið breytist hratt daginn eftir; fær-ist frá Kastrup-veli um tíuleytið á föstudagsmorgni til leigubíls á hraðbraut frá Vínarborg í Austurríki. Við ökum hratt framhjá Bratislava, höfuðborg Slóvakíu, á leið okkar til Nitra, einnar elstu borgar landsins.

Við tökum þráðinn upp í miklum raka og þrjátíu stiga hita við uppabúið borð á hóteli í hlíðum Sóborfjalla um tvöleytið sama dag. Þar sitja Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, nýkominn frá því að vígja framleiðsluhúsnæði AEW Delford, eins af dótturfyrirtækjum Marels í Colchester í Bretlandi, og Lárus Ásgeirsson aðstoðarforstjóri sem búsettur er í Danmörku. Fleiri Marel-liðir og aðrir Íslendingar sem tengjast nýju verksmiðjunni eru ýmist komnir í hús eða væntanlegir.

Talsverð tækniþekking hefur verið til staðar í Slóvakíu um áratugaskeiðið. Eftir að gamla Sovét liðaist í sundur í enda níunda áratugarins og Slóvakía varð sjálfstætt ríki fyrir fimmtán árum sáu bílaframleiðendur í Þýskalandi sér hag í að flytja framleiðslu sína til Slóvakíu. Fleiri iðnfyrirtæki fylgdu í kjölfarið.

## MEÐ HÖFN Í SLOVAKÍU

Opnun framleiðsluhúsnæðisins í Nitra markar skref í sögu Marel Food Systems en þetta er fyrsta landnám þess austan gamla járn-tjaldsins.

Starfsemi Marel Food Systems, sem hófst í borginni fyrir tveimur og hálfu ári, var í frumstæðara lagi í fyrstu eins og gengur; framleiðslan á nokkrum stöðum í leiguhúsnæði í bænum og hentaði illa. Nýja húsnæðið, sem byrjað var að reisa fyrir ári, er 9.500 fermetrar að flatarmáli. Lítið þarf til að tvöfalda framleiðslurýmið. Starfsmenn eru hundrað og fimmtíu, langflestir á gólfinu. Aðrir eru á skrifstofum, í mótuneyti og öðrum stöðum. Aðstaða er fyrir börn starfsmanna og til líkamsræktar.

Staðlaðar matvinnsluvélar verða framleiddar í verksmiðjunni fyrsta kastið. Árni Oddur, sem tók við stjórnarmennsku í hollensku iðnsamsteypunni Stork fyrir þremur vikum, segir stefnt að því að framleiðsla frá hollenska matvælavinnsluvélahlutunum fái sömuleiðis inni þarna. Sú framleiðsla gæti orðið veruleg.

Gert verður út frá Nitra á önnur markaðsvæði í gömlu Sovéttökkinni þegar fram líða stundir.

Marelhúsið, sem sést vel frá einum af aðalvegum til Nitra, stendur á nýlegum og stórum iðnaðarskika. Þar hefur fjöldi erlendra fyrirtækja numið land, þekkt sem óþekkt. Tveimur lóðum frá er Promens, eitt dótturfyrirtækja Atorku, langt komið með að reisa hús.



**VIÐ INNGANGINN** Stúlkur íklæddar þjóðbúningi Slóvaka buðu gesti velkomna í nýju framleiðsluhúsnæði í bænum Nitra á föstudag. Húsið, sem er 9.500 fermetrar að flatarmáli, er agnarsmátt í samanburði við tæplega tíufalt stærra húsnæði Sony sem er skammt frá.

MARKAÐURINN/MAREL

Bæði húsinn – og raunar flest í nágrenninu – hverfa þó í samanburði við verksmiðju japanska hátækni framleiðandans Sony sem er skammt frá. Menn deildu um stærð hússins og fjölda starfsmanna. Flestir töldu það sjötíu þúsund fermetra og starfsmenn í kringum þrjú þúsund. Það er hátt hlutfall af íbúum Nitra sem telur tæpar áttatíu og átta þúsund sálir. Sony framleiðir þarna flatskjái fyrir Evrópumarkað. Innlend þjónustufyrirtæki hafa sprottið upp í kringum það.

## HÆFILEIKARÍKIR SLOVAKAR

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var viðstaddur opnunina ásamt Áslaugu Árnadóttur ráðuneytisstjóra og kollega, Lúbomír Jahnátek, viðskiptaráðherra Slóvakíu. Hann er Nitra-búi, fæddur í borginni fyrir tæpum 54 árum. Háttsettir embættismenn í bæjar- og héraðsstjórn Nitra voru sömuleiðis á staðnum. Þegar fréttist af nærveru viðskiptaráðherrans bar þarlanda ljósvakamiðla að garði.

„Hæfileikar Slóvaka eru miklir. Þeir vinna vel," segir Jahnátek glaður í bragði. Hann minnst á sjálfstæði landsins og mikinn efnahagslegan bata eftir inngönguna í Evrópusambandið árið 2004. Unnið hefur verið ótullega að upptöku evru um næstu áramót.

Hann segir stjórnvöld hafa unnið að því hördum höndum að auka vægi erlendra fjárfestingar í Slóvakíu og hafi þjóðin uppskorið ríkulega. Á meðal þess sem stjórnvöld hafa innleitt er níttján prósentu flatur skattur. Þá geta erlend fyrirtæki samið um niðurfellingu skattgreiðslna þar til fjárfesting þeirra í landinu er komin á núllið. Marel er eitt þeirra.

Hann er kátur og kemur á óvart þegar hann bregður sér fyrirvaralitíð í starf tülks fyrir landa sína, fjölmarga innlenda starfsmenn Marels sem eru við opnunina ásamt mökum. Tungumálakunnátta hans hafði verið dregin í efa. Svo reynist ekki þegar á hólminn er komið.

Þegar báðir ráðherrar hafa lokið máli sínu munda þeir skæri og klippa saman á borða merktum Marel. Í sama mund berast fyrstu tónar lagsins Starálfs með Sigur Rós úr

hátalarakerfinu. Það gefur athöfninni ögn óræðan en íslenskan blæ.

Óvíst er hvort Slóvakarnir kannast við lagið. En gæti verið. Starfsmennirnir flestir í yngri kantinum og móttækilegri fyrir nýjungum en þeir sem eldri eru.

Innlendir tónlistarmenn spila yfir mat – jafn djassistar sem þjóðlegir, og blanda af báðum. Ungmenninn taka kipp þegar lokabandið stígur á stökk, popphljómsveitin No Name. Einn starfsmanna segir bandið mjög vinsælt og eiga eiga mörg lög í spilun á útvarpsstöðvum um þessar mundir. Dansinn dunar fram yfir miðnætti.

Báðir ráðherrarnir eru fyrir löngu farnir ásamt fylgdarliði.

## TAKK, EVRÓPUSAMBAND

„Þetta er stórkostlegt, Marel er stórt og nú verður það bara stærra," Þetta segir Lars Grundtvig. Hann var stjórnarformaður danska matvælavinnsluvélaframtækisins Scanvaegt þar til Marel keypti það fyrir tveimur árum. Nú er hann stjórnarformaður í Marel Food Systems.

Við sitjum í leigubíl á milli Bratislava í Slóvakíu og Vínarborgar í Austurríki fyrir hádegi á sunnudagsmorgni. Þeysumst framhjá vindmyllum á 140 kílómetra hraða. Hann segir skref Marels nú hafa verið ómöguleg fyrir nokkrum árum. Grundtvig er ofarlega í huga þegar hann lenti í klóm franskra reglugerðarpúka í kringum 1990. „Þeir vildu koma í veg fyrir að ég gæti selt vélar til Frakklands vegna þess að það gæti skaðað innlenda framleiðslu. Okkar tæki voru miklu betri. Þeir þöldu það ekki. Samkeppnisfyrirvöld ESB skárust í leikinn. En Frökkum var sama. Nú eru landamærin horfin í Evrópu og allt betra. Fjárfestingar erlendra fyrirtækja líkt og Marels í Slóvakíu eru gott dæmi um það – landið og fyrirtækin munu blómstra," segir hann.



## FRÉTTASKÝRING

JÓN ADALSTEINN BERGSVEINSSON  
jab@markadurinn.is

## Nitra

...

... er í vesturluta Slóvakíu.

... er fimmta stærsta borg landsins.

... er 190 metra yfir sjávarmáli.

... er talin hafa verið fyrst byggð fyrir 6.000 árum.

... Slavar gerðu borgina að sinni á 5. öld e. Krist.

... er fyrsta sjálfstæða héraðið í Slóvakíu.

... hét upphaflega Nitrawa árið 828.

... var fyrsta biskupsdæmið í Slóvakíu. Stofnað árið 880.

... er staðurinn þar sem fyrsta klaustur Slóvakíu var reist. Það var í Sóborfjöllum.

... varð hluti af Ungverjalandi árið 925. Pólverjar tóku héraðið yfir um 75 árum síðar.

... var hluti af Póllandi fram til ársins 1030.

... brann til grunna árið 1708. Borgin var endurbbyggð í barokkstíl.

... varð hluti af Tékkóslóvakíu árið 1918.

... var hluti af Sovéttökkinni frá 1948 til ársins 1989.

„Þetta er stórkostlegt, Marel er stórt og nú verður það bara stærra,"

Lars Grundtvig, stjórnarformaður Scanvaegt



VINDMYLLUR VIÐ HRAÐBRAUTINA



GESTIR MÆTTIR Á STAÐINN



KLIPPT Á BORDANN



HORFT TIL NITRA



MAREL-HÚSIÐ



## Blaðberinn minn hjálpar mér að hjálpa umhverfinu

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga, frá kl. 8-17, á meðan birgðir endast.

### Núna er ekkert mál að endurvinnna!

Blaðberi Fréttablaðsins er handhæg taska undir dagblöð og ýmsan annan pappír sem fellur til á heimilinu. Blaðberinn kostar ekki neitt og kemur þér á lagið með að endurvinnna dagblaðapappír.

Nældu þér í Blaðbera og geymdu hann á góðum stað.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

# Vill senda skýr skilaboð um að hafið sé vaxtalækkunarferli

Annar fundur er settur í Skuggabankastjórn Markaðarins. Síðast var ákvörðun bankastjórnar Seðlabankans sú sama og Skuggabankastjórnin hafði komist að, en hvað er líklegt að gerist nú? Getur verið að stefna okkar í peningamálum hafi reynst verri en engin? *Björn Ingi Hrafnsson* viðskiptaritstjóri sat fundinn á Hótel Holti og ritaði fundargerð.

**„Alvarlegur eiginfjárbruni vegna falls krónunnar og ofurvaxta ógnar atvinnufyrirtækjum og heimilum... Stefnan í peningamálum hefur reynst gagnslaus, jafnvel verri en engin, og tímabært að horfast í augu við það. Háir vextir hafa ekki megnað að koma í veg fyrir fall krónunnar, einhver önnur öfl virðast vera þar að verki.“**

*Ólafur Ísleifsson*

Í mínum huga blasir við að alvarleg vaxtalækkun sé stöðug og íslensku efnahagslífi og virðist sem Ísland sæti þyngri búsigjum en mörg önnur ríki vegna hinnar alþjóðlegu lána- og krónunnar og ofurvaxta ógnar atvinnufyrirtækjum og heimilum,“ segir Ólafur Ísleifsson í upphafi fundar og kveður fast að orði: „Stefnan í peningamálum hefur reynst gagnslaus, jafnvel verri en engin, og tímabært að horfast í augu við það. Háir vextir hafa ekki megnað að koma í veg fyrir fall krónunnar, einhver önnur öfl virðast vera þar að verki.“

Ólafur ítrekar að af þessum sökum sé mikilvægt að koma með táknaðum aðgerðum; hefja strax lækkun stýrivaxta með það fyrir augum að geta stigið önnur og stærri skref síðar. Hann telur óhugsandi að hækka vexti, segir um þann möguleika að það væri mjög mikið óhappaverk.

„Um leið þarf að styrkja gjald-eyrismarkaðinn meðal annars með því að fá erlenda banka, til dæmis öflugan norrænan banka, til að taka að sér viðskiptavakt með krónuna og styrkja verðmyndun á gengi hennar. Stjórnvöld þurfa að senda frá sér skilaboð um að í peningamálum verði leitað nýrra leiða með því að styrkja tengslin við Evrópu og leita eftir því af fullum þunga að Ísland, sem aðili að Evrópska efnahagssvæðinu, eigi bakhjarl í evrópska seðlabankanum með gjaldmiðlaskiptasamningum við Seðlabanka Íslands.“

Ríkisstjórnin verður að marka trúverðuga efnahagsstefnu og senda skýr skilaboð um að þeirri ógn sem fyrirtækjum og heimilum í landinu stafar af þessum aðstæðum verði afstýrt. Fyrsta skrefið hlýtur að felast í ákvörðun um að hagnýta þau sóknarfæri sem orkuskortur í heiminum færir okkur og hætta að tvístíga í því máli. Samhliða þarf raunhæfa áætlun um að Ísland fullnægi Maastricht-skilyrðunum sem er viðurkennt heilbrigðisvottorð fyrir efnahagslífið og um leið senda fyrir mögulegri aðild að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar,“ segir Ólafur enn fremur.

#### HÁIR VEXTIR BEINLÍNIS SKAÐLEGIR

„Verðbólgan er fyrst og fremst til komin af erlendum þáttum í augnablikinu, það er lánsfjárlánsunni og hækkuðum hrávörðum. Seðlabankinn hefur engin áhrif á þessa tvo þætti. Það er beinlínis skaðlegt fyrir hagkerfið að hann berjist á móti þeim með háu vaxtastigi og hann á að hafa bæði svigrúm innan núverandi reglna og almennan skilning bæði stjórnvalda, atvinnulífsins og heimilanna í landinu til að horfa framhjá þeim. Að því tilskyldu aðgerðirnar séu vel útskýrðar ættu verðbólguvæntingar ekki að aukast þó svo að hann taki þessa ákvörðun nú. Almennur skilningur á mismunandi rótum verðbólgu, enda skiptir verðbólguþróun hagheimilanna miklu máli sakir útbreiðslu verðtryggðra lána. Má færa rök fyrir því að það leiði til þess að myndun verðbólguvæntinga sé með nokkuð öðrum hætti hér en víða erlendis,“ segir Ingólfur Bender.

Hann telur að standa þurfi vörð um gengi krónunnar um þessar mundir, enda hafi hún veikst hratt undanfarið og standi veik. „Seðlabankinn þarf með aðgerðum sínum að huga að stöðu hennar. Þar þarf að taka tillit til þess að

#### INGÓLFUR BENDER



#### Samdrátturinn er sýnilegur

„Ég hefði viljað sjá bankann lækka vexti núna. Legg ég til 25 punkta lækkun í því sambandi og meira síðar á árinu þegar ljóst er hvernig markaðir og hagkerfið í heild taka í þetta fyrsta skref í nokkuð hröðu vaxtalækkunarferli sem stæði út næsta ár,“ segir Ingólfur Bender.

„Eftirspurnin í hagkerfinu er að dragast hratt saman og þarf Seðlabankinn ekki að hjálpa þar. Samdrátturinn er sýnilegur bæði í útgjöldum heimilanna og fjárfestingum fyrirtækjanna.“

Þó að atvinnuleysi hafi ekki stigið að ráði er mikið komið fram af uppsögnum og stutt í að atvinnuleysið aukist. Með því að halda vöxtum þetta háum er hætta á að bankinn keyri hagkerfið niður í óþarflega mikla lægð sem gæti reynst erfitt að vinna það upp úr. Slíkt ástand viljum við síst af öllu sjá.“

**NIÐURSTAÐA: LÆKKA STÝRIVEXTI UM 0,25%**

#### NIÐURSTAÐAN:

#### Vaxtalækkun um 0,25%

Skuggabankastjórnin starfar fyrir opnum tjöldum. Fundargerð hennar liggur fyrir og þess vegna er auðvelt að sjá hvaða sjónarmið liggja að baki ákvörðunum hennar.

Niðurstaða þessa annars fundar Skuggabankastjórnarinnar er lækkun stýrivaxta um 0,25%, eða niður í 15,25% stýrivexti.

Þeir Ólafur Ísleifsson og Ingólfur Bender vildu fara þá leið og verða ofan á með þá niðurstöðu. Þórður Friðjónsson vildi lækka vexti enn frekar, eða um 0,5%, en Edda Rós Karlsdóttir taldi óvarlegt að lækka vexti strax, vildi bíða þar til fram í september.

Öll telja þó ferli vaxtalækkana fram undan og ekkert þeirra talaði fyrir hækkuðum stýrivaxta þrátt fyrir blikur á lofti í efnahagsmálum og óhagstæða þróun verðbólgunnar.





## SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS

## EDDA RÓS KARLSDÓTTIR



## Lækkun, en ekki strax

Étt að halda stýrivöxtum óbreyttum, jafnvel þótt verð-  
fur hafi versnað frá síðustu vaxtaákvörðun. Skýr-  
u komin fram um viðsnúning í efnahagslífinu," segir  
s Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Lands-

íslensku krónunnar er hins vegar ofur viðkvæm og  
reiking gæti endanlega étíð upp eigið fé margra fyrir-  
heimila og framkallað mun harkalegri lendingu en ella.  
randi aðstæður skiptir því miklu að viðhalda trausti  
fjárfesta, alþjóðastofnana og lánshefisyfirtækja.  
rkun ofan í vaxandi verðbólgu, agnarsmáan gjald-  
a og illa starfandi gjaldeyrisrískiptamarkað er tæp-  
verðug. Þetta getur hins vegar breyst skjótt. Ég geri  
að verðbólga, án matvöru, þínsins og vaxta, toppi í  
ánuði. Stýrivextir geta lækkað hratt eftir það, enda  
deyrisforði Seðlabankans þá verið styrktur."

URSTAÐA: ÓBREYTTIR STÝRIVEXTIR

## ÓLAFUR ÍSLEIFSSON



## Okurvextir ógna

„Fall krónunnar og ofurvextir ógna atvinnufyrirtækjum og  
heimilum. Háir vextir hafa ekki megnað að koma í veg fyrir  
fall krónunnar og virðist sem tengsl stýrivaxta og gengis  
hafi rofnað," segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í  
Reykjavík.

„Af þessum ástæðum er rétt að hefja lækkun stýrivaxta  
nú þegar efnahagslífið horfist í augu við alvarlega ofkælingu  
og býr við þrefalda vexti á við það sem gerist í samkeppnis-  
löndum.

Stjórnvöld þurfa að senda frá sér skýr skilaboð um að í pen-  
ingamálum verði leitað nýrra leiða með því að styrkja tengsl-  
in við Evrópu og leita eftir því af fullum þunga að Ísland sem  
aðili að Evrópska efnahagssvæðinu eigi bakhjarl í evrópska  
seðlabankanum með gjaldmiðlaskiptasamningum við Seðla-  
banka Íslands."

NIÐURSTAÐA: LÆKKA STÝRIVEXTI UM 0,25%

## ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON



## Stefnir í harða lendingu

„Ég legg til að vextir verði lækkaðir um 50 punkta, hálf tugi pró-  
sentustig. Ástæðan er einfaldlega sú að það stefnir í harða  
lendingu. Við þær aðstæður er verkefnið að draga úr óþæg-  
indunum eins og kostur er og koma í veg fyrir að lendingin  
hafi skaðleg áhrif til lengri tíma. Jafnframt að búa í haginn  
fyrir nýtt hagvaxtarskeið," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri  
Kauphallarinnar og fyrrverandi forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

„Frá því að við komum saman hér síðast hafa hagtolur stað-  
fest að hagkerfið kólnar hratt um þessar mundir. Þá mátti  
þegar sjá í tölum mikinn samdrátt á fasteignamarkaði, mun  
minni bílannflutning og lækkun eignaverðs. Við hafa bæst  
tölur um samdrátt í kortaveltu, frekari uppsagnir á vinnu-  
markaði og vöruviðskiptin við útlönd nálgast jafnvægi. Verð-  
bólga mun ganga hratt niður þegar líður á árið, eins og við  
svipaðar aðstæður áður, og hætta á víxlgangi verðlags og  
launa er lítill að mínu mati."

NIÐURSTAÐA: LÆKKA STÝRIVEXTI UM 0,50%

fleiri slíkra er að vænta. Halda þarf áfram á  
þessari braut.

Með lækkun vaxta nú væri ekki verið að  
kasta verðbólgu markmiðinu fyrir róða. Verð-  
bólga mun hjaðna hratt í haust og á næsta  
ári þegar áhrif gengislækkunar eru frá og  
hagkerfið er komið lengra í átt að jafnvægi.  
Ég reikna með að verðbólgu markmiðið náist  
á seinni helmingi næsta árs. Vaxtalækkun  
nú passar því vel við þá spá og í aðgerðum sínum  
á bankinn að taka tillit til þess að það tekur um  
tvö ár að vaxtabreytingar bankans hafi full  
áhrif á verðbólguna í landinu. Lítið tvö ár fram  
í tímann eru verðbólguhorfur góðar og góðar  
forsendur þannig fyrir lækkun nú."

Ingólfur bendir á að Seðlabankinn hafi haft  
tilhneigingu til að hafa vexti of lága við upp-  
haf þensluskeiðs. „Sú hefur verið raunin nú og  
það vaxtastig sem nú er í landinu kemur um  
1 til 2 árum of seint. Hætta er nú sú að hann  
haldi vöxtum sínum of háum of lengi og að fyr-  
irtæki og almennigur í landinu þurfi að blæða  
fyrir með djúpri og erfiðri niðursveiflu efna-  
hagslífsins."

MATSFYRIRTÆKIN FYLGJAST MEÐ HVERJU  
FÓTMÁLI OKKAR

Edda Rós Karlsdóttir tekur undir þau sjónar-  
mið að komin séu fram skýr merki um við-  
snúning. Hún segir raunar að hin alþjóðlega  
kreppa magni upp hraða þessa viðsnúnings.  
Þess vegna sé þess ekki langt að bíða að lækka  
megi vexti. Enn sé verðbólga þó á uppleið og  
því þurfi að stíga afar varlega til jarðar.

„Ég vonast til þess að hægt verði að lækka  
vexti nokkuð hratt, jafnvel frá og með sept-  
embermánuði. Ég geri þá ráð fyrir að í milli-  
tíðinni hafi þróun krónunnar verið ásættan-  
leg, gjaldeyrisvaraförðinn aukinn og helst að  
markaður með gjaldeyrisrískiptasamninga verði  
komin í betra horf. Að mínu mati er nauðsyn-

legt að horfa á þetta í samhengi, en ekki óháð  
hvert öðru," segir hún.

„Það er þess vegna of snemmt að lækka  
vexti strax, betra að bíða aðeins og hafa var-  
ann á. Alþjóðleg matsfyrirtæki fylgjast hér  
með hverju fótmáli okkar og við megum alls  
ekki við vítahring sem gæti skapast af endur-  
teknum lækkunum á lánshefi þjóðarinnar og  
helstu fyrirtækja.

Hefjum við lækkunarferli strax, gæti því  
verið illa tekið í alþjóðumhverfinu. Við þurf-  
um frekari merki um að krónan sé komin yfir  
erfiðasta hjallann, sem er forsenda þess að  
verðbólga hætti að hækka," segir hún.

## MEGUM EKKI SPARKA Í LIGGJANDI MANN

Þórður Friðjónsson segir verulega hættu á  
mjög harðri lendingu og mikilvægt sé að róa  
að því öllum árum að sporna við því.

„Jafnframt verðum við búa þannig í hag-  
inn að hagvöxtur geti aukist sem fyrst á ný,"  
segir hann.

„Við þessar aðstæður teldi ég ekki heppi-  
legt og jafnvel skaðlegt að halda vöxtum  
óbreyttum, ég tala nú ekki um að hækka þá.  
Það væri eins og að sparka í liggjandi mann,"  
bætir hann við.

Þórður telur að skýra þurfi betur peninga-  
og efnahagsstefnuna. Hvernig við ætlum að  
fara gegnum þessa hagsveiflu og hvað eigi  
svo að taka við. Bæði heimamenn og útlend-  
ingar séu áttavilltir í þeim efnum og viti ekki  
hvert förinni er heitið.

„Það þarf sterkari og skýrari skilaboð til  
landsmanna og jafnframt erlendrar aðila.  
Verði ekkert að gert, geta erfiðleikarnir orðið  
mjög miklir í haust. Svo miklir að erfitt gæti  
reynst að snúa þeirri þróun við. Þess vegna  
þarf núna skýra framtíðarsýn; vegvísi fyrir  
þjóðina og aðila á markaði til að fara eftir,"  
bætir Þórður við.



FYRSTI FUNDURINN Skuggabankastjórn vildi þá halda vöxtum óbreyttum.

## Voru sammála Seðlabankanum síðast

Skuggabankastjórn Markaðarins  
kom fyrst saman um miðjan maí  
og var fundargerð fyrsta fundar  
birt í Markaðnum 21. maí síðast-  
liðinn. Niðurstaða fundarinnar var að  
halda stýrivöxtum óbreyttum, en  
um leið lýsti bankastjórnin áhyggj-  
um af mögulegri ofkælingu íslenska  
hagkerfisins og taldi því ekki skyn-  
samlegt að hækka frekar vexti,  
þrátt fyrir verðbólguhorfur.

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður  
greiningardeildar Kaupþings, sat

þá í bankastjórninni en vegna dval-  
ar hans erlendis tók Ingólfur Bend-  
er, forstöðumaður greiningardeildar  
Glitnis, hans sæti að þessu sinni.

Seðlabankinn ákvað að halda stýri-  
vöxtum óbreyttum á fundi sínum  
degi síðar, eða 22. maí síðastliðinn.  
Stýrivextir eru því 15,5%.

Næsta reglulega ákvörðun banka-  
stjórnar Seðlabanka Íslands um  
stýrivexti verður birt fimmtudag-  
inn 3. júlí næstkomandi samhliða út-  
gáfu Peningamála.



SAGAN Á BAK VIÐ ... HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON, BANKASTJÓRA LANDSBANKANS

## Reyndur í heimi viðskiptanna

Halldór Jón Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hefur í nógu að snúast þessa dagana. Ekki aðeins mæðir mikið á honum vegna rannsóknar Kauphallarinnar á kaupum bankans á íbúðabréfum, sama dag og ríkisstjórnin kynnti breytingar á Íbúðalánasjóði, heldur er nú unnið hörðum höndum að því að bjarga fyrirtækinu Nýsi. Þá stendur Halldór líka í stórræðum sem formaður Samtaka fjármálafyrirtækja vegna rannsóknar ESA á sjóðnum.

Halldór er reyndur bankamaður og hefur verið í bankabransanum í næstum tvo áratugi. Hann var deildarstjóri

í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu eftir nám, en árið 1991 varð hann aðstoðarbankastjóri Evrópubankans í Lundúnum. Þar var hann í fjögur ár, en sneri síðan heim í ráðuneytið. Þar varð hann skrifstofustjóri og síðan ráðuneytisstjóri. Það var síðan árið 1998 að hann gerðist bankastjóri Landsbankans og hefur sinnt því starfi síðan.

Halldór tók stúdentspróf í Noregi og nam lífefnafræði eftir það, áður en hann hóf lögfræðinám við Háskóla Íslands. Því lauk hann árið 1979 og tveimur árum síðar lauk hann framhaldsnámi í þjóðarétti. Eftir það nam hann samningarétt

við Harvard-háskóla í Bandaríkjunum.

Halldór hefur sinnt mörgum trúnaðarstörfum. Til að mynda sat hann í fjölmörgum nefndum iðnaðaráðuneytisins árin 1981 og áratuginn þar á eftir. Þá sat hann í stjórn Landsvirkjunar, var stjórnarformaður Steinullarverksmiðjunnar og Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins. Halldór var formaður nefndar sem undirbjó hlutafélagavæðingu Landsbankans og Búnaðarbankans árin 1997 til 98. Síðan hefur hann setið í ýmsum stjórnunum, til að mynda stjórn Samtaka atvinnulífsins og er nú formaður Samtaka fjármálafyrirtækja.

Halldór er fæddur árið 1955. Hann er kvæntur Karolinu Fabínu Söebeck stjórnarformaður og eiga þau tvö börn.



### SPÁKAUPMAÐURINN

## Afríka

Afríka er staðurinn í dag. Þá er ég að tala um allt frá Marokkó í norðri niður til miðhlutans. Suður-Afríka er ekki upp á marga fiska og Simbabwe í tómu rugli. Vesturhlutinn er fínn og þangað hef ég nú komið nokkrum sinnum síðustu árin.

Þótt flestir tali illa um löndin þarna fyrir sunnan leynast demantar innan um. Og þá er ég að tala um þá í bókstaflegum skilningi orðsins.

Raunar eru það hvorki konurnar né áfengið sem ég sæki í og er ekki mikið fyrir matinn. Smakkaði á honum þegar ég kom hingað fyrst og skolaði gjarnan niður með innlendri og rötsterkri framleiðslu. Það var ágætt. En ég fékk oftast niðurgang næsta dag.

Núorðið snerti ég ekki á honum heldur kys að burðast með úttroðna ferðatösku af Oramat í dósunum. Sem er fínt. Maður þekkir auðvitað bragðið. Og því er ekki að neita að ég er ekki einn um þetta. Fjárfestarnir heima á skerinu kannast við þetta enda víst margir komnir í hann. Ef þeir eru ekki þegar byrjaðir að borða úr dósunum þá eru þeir að birgja sig upp. Það er svo spurning hvort margir hafi efni á upptakara núorðið. En það er þeirra mál.

Það eru kínversku peningarnir sem mitt ofurnæma nef hefur þefað uppi í Afríku. Ég er auðvitað ekki einn um það. Kínverjar hafa í mörg ár dundað sér við fjárfestingar þarna niðri í henni svörtustu og tryggt sig fyrir traustum hlutum í hrávöru og jarðhita án þess að fjárfesta beint í þessum eignum fólksins. Sniðugur gjörningur. Enda verða náttúruauðlindirnar með þessu móti í eigu fólksins um aldur og ævi á meðan Kínverjarnir stinga hagnaðinum í vasann. Og allir sáttir. Því er auðvitað ekki að neita að Kínverjarnir kunna að fara í kringum hlutina. Sem er að skila sér núna.

Enda finnst mér stundum sem við séum bræður í anda. Sérstaklega hugsa ég það þegar ég læði hendi undir koddna á kvöldin og þreifa á evrunum sem ég sankaði að mér í haust. Já, við Kínverjarnir kunnum þetta.

Spákaupmaðurinn á horninu

### Er of hátt hitastig?

Loftkæling fyrir:

- Netþjóna
- Skrifstofur
- Veitingastaði
- Verlanir



**is -húsið**  
S: 566 6000

Netverslun ishusid.is



Öll mörkin í Landsbankadeildinni

## „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is var langfyrstur með mörkin í Landsbankadeildinni. Boltavakt visir.is og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir liðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja visir.is.

**visir.is**  
...ég sá það á visir.is





# Kostir og gallar við upptöku evru

Umræðan um hvort Íslendingar eigi að taka upp evru hefur sjaldan verið háværi en nú um stundir. *Annas Sigmundsson* leitaði til *Kristínar Pétursdóttur*, forstjóra Auðar Capital, sem fékk að nefna fimm kosti við upptöku evru fyrir Íslendinga. *Stefán Jóhann Stefánsson*, hagfræðingur, stjórnmálafræðingur og varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, nefndi hins vegar fimm ókosti við upptöku hennar. Þau komu síðan með andsvör við svörum hvors annars.

**STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON, HAGFRÆÐINGUR, STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR OG VARABORGARFULLTRÚI SAMFYLKINGARINNAR, NEFNIR FIMM ÓKOSTI FYRIR ÍSLAND VIÐ UPPTÖKU EVRU:**

1. Hagsveiflur – Hagsveiflur á Íslandi eru ólíkar hagsveiflum í stærstu ríkjum ESB og koma á öðrum tímum, og myntsvæðið yrði óhagkvæmt. Evran er enn tilraun sem óvíst er hvernig endist.
2. Langtímaatvinnuleysi – Evran hefði í för með sér aukið langtímaatvinnuleysi hér á landi (einnig í fjármálagéiranum) og aukna félagslega mismunun vegna samræmdrar evrópskrar ríkisfjármálastefnu og sameiginlegrar peningastefnu.
3. Sveiflukenndari verðbólga – Ólíkt fjármálakerfi hér, og þar af leiðandi mismunandi áhrif stýrivaxtabreytinga, gæti meðal annars haft í för með sér mun meiri og sveiflukenndari verðbólgu hér á landi þegar við verðum há vaxtaákvörðun seðlabanka Evrópu.

4. Auknar verðhækkningar – Kostnaður og óhagræði er talsvert við breytinguna sjálfa og innleiðingu nýrrar myntar með öllu sem því fylgir fyrir fjármálakerfi og fyrirtæki. Kemur verst niður á minni fyrirtækjum. Reynslan af innleiðingu evru er auknar verðhækkningar.

5. Aukinn lýðræðishalli – Seðlabanki Evrópu er fjarlægur, lokaður og gæti í vaxtaákvörðunum sínum ekki að neinu marki tekið mið af því sem væri að gerast hér á landi.

#### ANDSVÖR KRISTÍNAR:

1. Þetta á einnig við um önnur smærri ríki í ESB og það er líklegt að hagsveiflur smærri ríkja innan ESB muni með tímanum líkjast sveiflum stærri ríkjanna. Sveiflum verður ekki mætt með stýrivaxta ákvörðunum heldur í gegnum ríkisútgjöld og með sveigjanlegum vinnumarkaði.

2. Íslenskur vinnumarkaður verður stöðugt alþjóðlegri og við munum sjá vinnuafli færast meira á milli landa. Við erum betur í stakk búin en flest lönd hvað þetta varðar vegna þess hve sveigjanlegur vinnumarkaðurinn hér er.

3. Sveiflur í íslensku fjármálakerfi eru mun meiri en hjá öðrum þróuðum ríkjum vegna þess hversu lítið hagkerfið og myntsvæðið er.

4. Nú þegar hefur fjöldi íslenskra fyrirtækja í raun skipt um mynt og nota þau evru sem sína starfrækslumynt og greiða jafnvel laun í erlendri mynt. Það er gríðarlega dýrt fyrir lítið hagkerfi að halda úti eigin mynt og ekki síst fyrir minni fyrirtæki sem eiga erfitt með að verjast miklum sveiflum.

Verðlag í nýjum löndum sem taka upp evru aðlagast verðlagi sem fyrir er innan svæðisins; þannig hefur verðlag hækkað í þeim löndum þar sem það var lægra fyrir myntbreytingu og því má leiða að því líkur að verðlag á Íslandi muni lækka og verða svipað og á Evrusvæðinu.

5. Spyrja má, hvort eitthvað sé til sem hægt sé að kalla „íslenskt atvinnulíf“ á tímum síaukinnar alþjóðavæðingar. Íslendingar verða stöðugt meira háðir því sem er að gerast á alþjóðamörkuðum. Seðlabanki Evrópu yrði miklu sterkari bakhjarl fyrir íslenska banka og fjármálakerfi og myndi þannig styðja betur við innviði íslenskt efnahagslífs.

**KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR, FORSTJÓRI AUÐAR CAPITAL, NEFNIR FIMM KOSTI FYRIR ÍSLAND VIÐ UPPTÖKU EVRU:**

1. Stöðugleiki og minni óvissa – Fyrirtæki og heimili munu búa við mun stöðugra efnahagsumhverfi.
2. Viðskiptakostnaður – Mikill viðskiptakostnaður fylgir því að reyna að verjast gengissveiflum.
3. Lægri vextir – Við upptöku evru myndu vextir á fyrirtæki og heimili lækka umtalsvert.
4. „Íslandsálagið“ – Mun minnka ef við erum hluti af efnahagsbandalaginu, hagstæðari lánskjör fyrir íslenska ríkið og fjármálastofnanir, og þar með líka fyrirtæki og heimili.
5. Bakland – Íslenskar fjármálastofnanir munu hafa bakland í Evrópska Seðlabankanum eins og evrópskir samkeppnisaðilar.

#### ANDSVÖR STEFÁNS:

1. Þetta er tvíþent. Almennt má gera ráð fyrir minni sveiflum í Evrópusambandinu í heild, en eins og komið hefur í ljós hafa sveiflur verið nokkrar í sumum löndum og vegna ólíkra hagkerfa og ósamhverfra hagsveifna gætu sveiflur orðið engu minni hér en verið hefur. Auk þess eru flestir hagfræðingar á því að talsverð hætta sé á að langtímaatvinnuleysi verði talsvert meira. Í því fælist veruleg óvissa fyrir fjölskyldur í landinu.

2. Rétt að hluta. En við eigum enn í talsverðum viðskiptum í öðrum gjaldmiðlum, s.s. Bandaríkjadal, pundum, jenum og svo framvegis. Þar verður skiptakostnaður áfram. Þá má ekki gleyma því að notkun á Bandaríkjadal hefur verið miklu meiri en viðskipti við Bandaríkin segja til um.


3. Ekki ólíklegt, en ekki má gleyma því að vextir eru ekki eins í öllum evrulöndum þótt stýrivextir séu hinir sömu. Þá má ætla að sparnaðarhneigð sé önnur hér á landi (vaxtategni önnur) og því gætu of lágir vextir kynt mikið verðbólguþál.

Svo má ekki gleyma því að vextir eru ekki bara kostnaður heldur einnig tekjur fyrir fjármálafyrirtæki og þá sem spara. Auðvitað þarf þetta allt að vera í hófi til að tryggja hagvöxt og velferð til framtíðar, en sparnaður mætti vera meiri.

4. Lánskjör íslenska ríkisins hafa verið tiltölulega hagstæð og bankarnir náðu bara nokkuð góðum einkunnum hjá alþjóðlegum lánsþæfismatsfyrirtækjum. Við þurfum náttúrulega að hugsa um að bjarga okkur sjálf en ekki treysta á óvíst skjól annarra, því það yrði líklega lítið hald í því skjóli ef við ræktum ekki af skynsemi okkar eigin garð.

5. Ólíklegt að þetta breytti miklu. Ef gengið er út frá því að seðlabankar séu fyrst og fremst að hugsa um almennan fjármálastöðugleika þegar rekstur banka er annars vegar myndu íslenskar fjármálastofnanir í útrás á erlendum vettvangi nánast engu máli skipta fyrir fjármálastöðugleika í Evrópu. Sennilegast myndi ekkert þýða fyrir þær að biðja um lán til þrautavara vegna þess þáttar. Þær yrðu bara að spjara sig á eigin spýtur hvað það varðar.

**KRISTÍN PÉTURSDÓTTIR** Forstjóri Auðar Capital nefndi fimm kosti við upptöku evru. MARKAÐURINN/AUÐUNN



**STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON** Hagfræðingur, stjórnmálafræðingur og varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar, nefndi fimm ókosti við upptöku evru. MARKAÐURINN/ARNÞÓR



## Spænskir græða á sigri

Talsvörðar líkur eru á því að sigur spænska landsliðsins á Þjóðverjum í EM í knattspyrnu í Vínarborg á sunnudag muni skila meiru í kassann en gullpeningum þegar fram í sækir.

Spánverjar unnu alla sína leiki á mótinu og fá fyrir það 23 milljónir evra í sigurlaun. Það jafngildir 2,8 milljörðum íslenskra króna. Hefðu Þjóðverjar farið heim með gullið hefðu þeir hins vegar fengið einni milljón evra minna vegna taps gegn Króötum.

Helgarútgáfa breska viðskipta- blaðsins Financial Times hefur eftir Simon nokkrum Chadwick,

prófessor við Coventry-háskóla, að fjórfalda megi afleiddar tekjur sigursins með greiðslum fyrir sjónvarpsréttindi, fleiri styrkjum, bættri miðasölu, fjölgun ferðamanna til Spánar, lífi í sölu á minjagripum og svo mætti lengi telja.

Heildarupphæðin liggja nær 110 milljónum evra, jafnvirði um fjórtán milljarða íslenskra króna, að hans mati. Þá er inni í útreikningum aukin bjartsýni landsmanna eftir sigurinn. - job

**TORRES FAGNAR TITLNUM** Eitt mark Torres gegn Þjóðverjum færir Spánverjum fjórtán milljörðum króna.

MARKAÐURINN/NORDICPHOTO/AFP



## Kynslóðaskipti hjá Microsoft

Bill Gates hætti daglegum afskiptum sínum af rekstri bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft á mánudag. Hann mun eftir sem áður starfa sem stjórnarformaður og halda eftir hlutum sínum í fyrirtækinu.

Stjórnarformaðurinn er stærsti hluthafi Microsoft með níu prósentu hlut sem metinn er á 23 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 1.800 milljarða íslenskra króna. Bandaríska viðskiptatimaritíð Forbes mat eignir hans á 58 milljarða dala fyrr á árinu en hann hafði þar til þá



**BILL GATES**

hampað titlinum ríkasti maður heims á síðum tímaritsins.

Gates stofnaði Microsoft í félagi við Paul Allen árið 1975. Hann var þá um tvítugt. Allen sagði sig úr stjórn Microsoft árið 2000 vegna veikinda. Gates stóð upp

úr forstjórastólnum fyrir Steve Ballmer sama ár.

Bill Gates, sem nú er 52 ára, ætlar að beina kröftum sínum að styrktarsjóði í nafni hans og eiginkonunnar, Bill & Melinda Gates Foundation, sem þau hafa starfrækt síðastliðin átta ár. - job

## DAGUR Í LÍFI ...

Margrétar Sanders, framkvæmdastjóra hjá Deloitte.

- 06.15** Vakna, er komin á Reykjanesbrautina hálf tíma síðar.
- 07.30** Komin í vinnu, kaffisopi, yfirferð yfir tölvupóstinn. Síðasta hönd á undirbúning undir stjórnarfund.
- 08.30** Stjórnarfundur. Mikið að gerast á þessum tíma, áramót hjá okkur maí/júní.
- 11.00** Yfirferð yfir bílastyrki, ótrúlegur kostnaðarauki! Allt of mörgum skilaboðum svarað, er tæp á að komast á réttum tíma á hluthafafund.
- 12.00** Hluthafafundur á hinum frábæra veitingastað 19. hæðinni í Turninum.
- 14.00** Farið betur yfir tölur úr fjárhagsáætlun, hvar er möguleiki á kostnaðarlækkun...
- 15.00** Yfirferð yfir ýmislegt tengt ársreikningi Deloitte með Þorvarði forstjóra og Péttri Odds viðskiptafræðingi.
- 16.00** Fundur með nokkrum eigendum vegna breytinga á skipulagi innanhúss.
- 17.00** Er á leið í boð hjá Auði Capital þegar Sigga (dóttirin) hringir, þarf að sækja hana. Missi af flottu boði. Sigga var að spila fótbolta ásamt nokkrum krökkum í myndbandi TM með Margréti Láru. Var búið fyrr en áætlað var.
- 17.05** Hringi í Alla Kalla (soninn) til að láta vita að ég fari snemma heim og að hann fái far þar sem hann þarf að komast á fótboltaæfingu.
- 17.15** Reykjanesbrautin, góður tími til að spjalla við soninn og dótturina. Vön að vera ein á brautinni, mun skemmtilegra að vera í þeirra félagsskap. Syninum skutlað á æfingu.
- 17.50** Komin heim, hendi í mig samloku og byrja að undirbúa veiðiferðina í Langá. Dótturinni skutlað til vinkonunnar.
- 18.45** Evrópukeppnin, náðum ekki öllum leiknum en fréttum á leiðinni í Langá að bölv. Portúgalarnir séu dottirnir út! Nú eru Hollendingar síðasta vonin.
- 20.30** Við hjónin leggjum af stað í Langá.
- 22.00** Mættum í veiðihúsið með góðum hópi Deloitte-ara. Mikil spennan fyrir morgundeginum enda opnun árinna. Frábært veður en ómurllegt veiðiveður fram undan. Er og spáir glampanði sól. Veiðidót græjað.
- 22.30** Berglind kona Knúts stjórnarformanns tók til ýmislegt snarl fyrir okkur þessi svöngu. Við aðstoðum eftir bestu getu. Höfðum góða lyst með góðu rauðvíni. Frábært útsýni úr veiðihúsi inn í Jónsmessuna.
- 01.00** Ekkert vit í öðru en að koma sér í bælið enda eigum við að byrja að veiða í fyrramálið kl. 7.



MARGRÉT á fundi með Sigrúnu Danielsdóttur.

MARKAÐURINN/VILHELM



HILDUR BJÖRGVINSDÓTTIR Starfsmaður í nýju versluninni. Verslunin er bæði ætluð Íslendingum og erlendum ferðamönnum.

FRÉTTABÍÐI/GVA

# Epal og Liborius saman í miðbæinn

Þessi tvö fyrirtæki hafa nú sameinað krafta sína og opnað nýja verslun í miðbæ Reykjavíkur.

Annas Sigmundsson  
skrifar

Ekki eru allir búnir að missa trúna á Laugaveginum sem verslunargötu. Fyrir stuttu opnuðu fyrirtækin Epal og Liborius nýja verslun á Laugavegi 7. Epal hefur fram að þessu verið með verslun í Skeifunni og friðhöfninni í Leifsstöð.

„Okkur fannst það skemmtilegur leikur að fara niður á Laugaveg,“ segir Ingibjörg Friðjónsdóttir, sölustjóri hjá Epal. Spurð um markhópinn segir hún að búðin á Laugaveginum sé ætluð öllum. „Bæði Íslendingum og erlendum ferðamönnum,“ segir Ingibjörg.

Hún segir að viðbrögðin við nýju búðinni hafi verið góð en þó séu einungis þrjár vikur síðan búðin var opnuð.

Epal og Liborius deila með sér um 120 fermetra húsnæði. Þar er seld gjafavara frá Epal, nytjahlutir og skrautmunir fyrir heimilið. Liborius býður hátskufatnað fyrir dömur og herra frá hönnuðunum Christian Dior í Frakklandi, Ann Demeulemeester í

Belgíu, Number (N)ine og Undercover í Japan sem dæmi. Einnig fást í versluninni sérvalin ilmvötn og ýmiss konar fylgihlutir, meðal annars úr silki, kasmírull, leðri og silfri, að ógleymdum svörtum demöntum.

Flestar vörurnar eru til í takmörkuðu upplagi og einungis í boði í tengslum við árstíðabundna framleiðslulínu hönnuðarins, og eru sagðar afar eftirsóttar víðs vegar um heim.

Liborius fylgir einnig fordæmi kunnra verslana í París sem kynna reglulega sérvalin bókmenntaverk. Minnisbók Sigurðar Pálssonar var fyrst kynnt þar og nýlega var bók Charlies Strand, Project Iceland, kynnt hjá Liborius og eru allar bækur eru áritaðar af höfundi.

Þessi nýja verslun er ekki í einu af elstu húsum á Laugaveginum því að húsið að Laugavegi 7 var reist snemma á 8. áratugnum undir starfsemi Landsbankans. „Nú bjóða menn viðskiptavinum Epal og Liborius velkomna og vona að þeir gangi út aftur ekki ógláðari en úr bankanum forðum,“ segir Ingibjörg að lokum.

## FRÍSTUNDIN

# Hljóp 530 km í maí

„Ég hljóp 530 kílómetra í maí, sem er met hjá mér, Ég reikna með að hlaupa 400 kílómetra á mánuði fram að Mont Blanc-hlaupinu í lok ágúst,“ segir Börkur Árnason, sjóðsstjóri hjá Íslenskum verðbréfum á Akureyri. Hann býr sig nú undir þátttöku í einu stærsta og erfðasta fjallahlaupi í Evrópu, en hann tók einnig þátt í því í fyrra.

„Hlaupið í fyrra var mikil upplifun enda frábært útsýni og mikil stemning í kringum þetta hlaup. Þetta var vissulega erfitt, mikill hiti var á tímabili sem gerði hlaupurum erfitt fyrir og sá ég þann

kost vænstan að henda mér niður á dýnu í hálf tíma eftir 25 klukkustundir á ferðinni til að safna smá orku fyrir „endasprettinn“ sem tók bara tíu tíma. En það var ólýsanlega gaman að koma í mark snemma á sunnudagsmorgun í Chamonix eftir að hafa farið þessa löngu og erfiðu leið,“ segir Börkur.

Hlaupaleiðin liggur í kringum fjallið Mont Blanc, í gegnum Frakkland, Sviss og Ítalíu. Hlaupið er yfir fjöldann allan af fjöllum og fjallaskörðum og þar af eru fjögur fjöll sem eru í 2.500 metra hæð. Hlaupið er alls 166 kílómetrar að lengd.

Hann segist fyrst hafa byrjað að hlaupa af einhverju marki árið 2002. Yfirleitt æfir hann ekki mikið í lok árs en byrjar aftur markvisst í kringum áramót. „Ég lagði meiri áherslu á styrktaræfingar í vetur en áður,“ segir Börkur.

Börkur tók einnig þátt í fyrsta 100 kílómetra hlaupinu sem haldið var hérlendis í byrjun mánaðarins, sem og Mývatnsmaraþoni vikuna fyrir Mont Blanc-hlaupið. Hugsanlega bætist við eitt 180 km hlaup í Bretlandi seinna í haust. Þess má til gamans geta að Börkur tók „létt skokk“ um liðna helgi og hljóp Fimmvörðuhálsinn á innan við þremur klukkustundum.

Börkur tók einnig þátt í fyrsta 100 kílómetra hlaupinu sem haldið var hérlendis í byrjun mánaðarins, sem og Mývatnsmaraþoni vikuna fyrir Mont Blanc-hlaupið. Hugsanlega bætist við eitt 180 km hlaup í Bretlandi seinna í haust. Þess má til gamans geta að Börkur tók „létt skokk“ um liðna helgi og hljóp Fimmvörðuhálsinn á innan við þremur klukkustundum.

BÖRKUR ÁRNASON undirbýr sig nú af krafti fyrir 166 kílómetra hlaup í kringum Mont Blanc sem fer fram í lok ágúst.  
MYND/RAGNHEIÐUR GUDMUNDSDÓTTIR



# Fyll'ann takkk!

**NÝTT!**

Lögin beint  
inn í iTunes  
og á iPod



## Vertu tilbúinn í sumarfríið!

Á Tónlist.is getur þú nálgast yfir 50.000 lög og fyllt spilarann þinn af topptónlist. Allt efni á Tónlist.is er ólæst (DRM laust) og kostar frá 79 krónum lagið. Þannig getur þú fært tónlistina hindrunarlaust á milli tölvunnar, spilarans og farsímans.

### Nýtt á Tónlist.is - lögin beint inn í iTunes á tölvunni!

Nú getur þú tengt Tónlist.is beint við iTunes eða Windows Media Player. Öll lög sem þú kaupir fara sjálfvirk yfir í spilarann þinn.



Fylltu á iPodinn · Farsímann · Tölvuna



**Tónlist.is**

## BANKHÓLFID

### Íþróttáalfur mærir forsetann

Forseti Íslands fær heldur betur hlýjar kveðjur frá íþróttáalfinum sjálfum í Latabæ, Magnúsi Scheving, í nýjasta Útherja, fréttablaði Útflutningsráðs Íslands.

Magnús bendir þar á að ýmsir telji forsetann vinna of náið með íslenskum fyrirtækjum, en þeir hinir sömu séu á algjörum villigötum. „Ég er ekki viss um að fólk geri sér almennt grein fyrir því grettistaki sem forsetinn hefur lyft á þessu sviði í forsetatíð sinni. Ég hef heyrt þá gagnrýni að forsetinn sé of hliðhallur fyrirtækjum en ég held að hún byggist á miklum misskilningi. Nær væri að segja að forsetinn væri hliðhallur fólkinu í landinu, því hvað eru fyrirtækjin annað en fólk sem hjá þeim starfar.“



### Málshraði

Menn verða stundum óþolinmóðir þegar beðið er eftir niðurstöðu frá ESA, Eftirlitsstofnun EFTA. Þykir málshraðinn þar á bæ vera með allra lengsta móti. Er nú svo að hægt er að nota jarðsögulega mælikvarða á málshraðann. Þegar Eftirlitsstofnunin hóf fyrst að rannsaka hvort ríkisábyrgð Íbúðalánasjóðs stæðist EES-samninginn var hæsti tindur Íslands, Hvannadalshnúkur, 2.119 metra há. Nú, þegar stofnunin hefur sent frá sér forúrskurð og tilkynnt um nýja rannsókn á sjóðnum, hefur hnúkurinn hins vegar lækkað um nokkra metra. Sumir rekja það raunar til betri mælitækja. Aðrir telja borðleggjandi að jarðskorpuhreyfingar ráði för. Þeir sömu eru nú farnir að velja því fyrir sér hvort Hvannadalshnúkur verði flatlendi eða jafnvel gryfja þegar stofnuninni tekst loksins að klára málið. Það reynir á langlundargeðið.

### Lárus hleypur

Og talandi um hraða liggur nú fyrir að Lárus Welding, forstjóri Glitnis, ætlar að hlaupa hálfmaraþon í Reykjavíkumaraþoninu sem bankinn styrkir um miðjan ágúst næstkomandi. Lárus æfir nú stíft, en hann hljóp 10 km í fyrra. Með þessu áframhaldi verður hann farinn að hlaupa heilt maraþon von bráðar og hittir þar væntanlega fyrir fyrirrennara sinn, Bjarna Ármannsson sem ósjaldan sést hlaupandi út um borg og bý.



**15,5%** Flestir greiningaraðilar spá því að Seðlabankinn tilkynni um óbreytta 15,5 prósentu stýrivexti á morgun.

**4300** Úrvalsvisitalan fór í 4.300 stig í gær og hefur ekki verið lægri síðan í lok júlí árið 2005.

**17,7** milljarðar króna var verðmæti álfútlutnings í malmánuði og er það annar mánuður þessa árs sem álið skilar meiri gjaldeyris-tekjum en sjávarútvegurinn, segir greining Glitnis.




LANDVÉLAR ehf



Ístækni ehf.

## Höfum nú sameinast að Smiðjuvegi 66

Breitt úrval af vélum, verkfærum, lagnaefnum og varahlutum fyrir alvöru iðnaðarmenn og handlagið fólk



Við höfum verkfærin

**LANDVÉLAR Ístækni**

Smiðjuvegi 66 200 Kópavogi Sími 580 5800

# Hvers vegna PwC?

\*connectedthinking

Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.

● Endurskoðun ● Fyrirtækjaraðgjöf ● Skatta- og lögráðgjöf

Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær [www.pwc.com/is](http://www.pwc.com/is)

PRICEWATERHOUSECOOPERS